

Ár 2002, miðvikudaginn 6. febrúar, var af Yfirfasteignamatsnefnd í málinu nr. 156/2001 kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Með bréfi dags. 22. október 2001 kærði Hilmar Sigurðsson, viðskiptafræðingur, f.h. Björns Baldvinssonar, kt. 130239-7819, og Söru Elíasdóttur, kt. 190643-3449, endurmat Fasteignamats ríkisins á brunabótamati húseignar þeirra að Stórateigi 25, Mosfellssveit (fastanúmer 208-4385), sem tók gildi þann 15. september 2001.

Í kærubréfi segir:

“Ekki verður unað við niðurfærslu á brunamati eignarinnar eins og það er framsett í tilkynningu frá 15. september 2001 og því er farið fram á endurmat.

Á s.l. sumri var húsið klætt að utan og skipt um gler og glugga þar sem þess var þörf svo og var allt þak hússins endurnýjað og breytingar í innviði hússins.”

Yfirfasteignamatsnefnd óskaði með bréfi dags. 22. nóvember 2001 eftir umsögn Fasteignamats ríkisins um framangreinda kæru. Umsögn af hálfu stofnunarinnar er dags. 14. janúar 2002, en þar segir m.a.:

“Niðurstaða endurmats brunabótamats vegna hinnar kærðu húseignar að Stórateigi 25 í Mosfellsbæ byggir á upplýsingum um framangreinda eign sem skráðar eru í Landskrá fasteigna auk upplýsinga um eignina sem fengust við síðustu skoðun hennar 1. nóvember 1983. Í máli þessu er um að ræða einbýlishús byggt úr holsteini þar sem íbúð er 112,7 fm. og bílskúr 28,0 fm. Hjálagt fylgir yfirlit hinnar kærðu eignar, en þar kemur m.a. fram að byggingarár hússins er 1972 og afskritarár hið sama.”

Niðurstaða


Í 10. mgr. 2. gr. laga um brunatryggingar nr. 48/1994, sbr. lög nr. 34/1999, er heimild til að reikna brunabótamat án skoðunar á grundvelli upplýsinga sem fyrir hendi eru. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu segir að ekki þurfi að meta á grundvelli skoðunar á staðnum ef að mati stofnunarinnar liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar.


Samkvæmt umsögn Fasteignamats ríkisins byggði niðurstaða endurmats brunabótamats á húseign kæranda að Stórateigi 25, Mosfellssveit m.a. á upplýsingum sem fengust við síðustu skoðun eignarinnar þann 1. nóvember 1983. Í kærubréfi er getið um nýlegar endurbætur og breytingar á eigninni. Með hliðsjón af því og aldri þeirra upplýsinga sem fyrir lágu hjá Fasteignamatinu verður að telja að ekki hafi legið fyrir fullnægjandi upplýsingar við endurmatið. Málinu er því vísað til Fasteignamats ríkisins til nýrrar meðferðar og ákvörðunar.

ÚRSKURÐARORÐ:

Málinu er vísað til Fasteignamats ríkisins til nýrrar meðferðar og ákvörðunar.


Pétur Stefánsson


Agnar Gústafsson


Guðmundur Magnússon